

## 89. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 24. febrúar 2010, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Sundlaugarframkvæmd
  2. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar SSNV frá 9. febrúar 2010
  3. Bréf frá SSNV dags. 22. febrúar 2010
  4. Bs. um félags- og skólaþjónustu A-Hún
  5. Menningarráð Norðurlands vestra
  6. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar
  7. Akstur félagsþjónustu aldraðra
  8. Trúnaðarmál
  9. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

#### 1. Sundlaugarframkvæmd

Bæjarráð og bæjarstjóri fóru á framkvæmdastað í fylgd Sundlaugarhóps þar sem farið var yfir stöðu sundlaugarframkvæmdar. Framkvæmdum miðar vel áfram og er 2. áfanga að ljúka. Undirbúningi að lokaáfangi er vel á veg kominn og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í maí.

Bæjarráð samþykkir að fela Sundlaugarhóp og tæknideild að vinna áfram að þeim verkþáttum sem ólokið er og gerir það að tillögu sinni að aflað verði tilboða í þá verkþætti með sama hætti og gert var í 2. áfanga.

Bæjarráð er sammála að vel hafi tekist til við að tryggja þátttöku heimamanna við framkvæmdina sem hefur haft jákvæð áhrif á atvinnumál í héraði.

#### 2. Fundargerðir:

##### a) Stjórnar SSNV frá 9. febrúar 2010

Lögð fram til kynningar

#### 3. Bréf frá SSNV dags. 22. febrúar 2010

18 ársþing SSNV verður haldið dagana 27.-28. ágúst 2010 á Blönduósi.

Lagt fram til kynningar.

#### 4. Bs. um félags- og skólaþjónustu A-Hún

Fjárhagsáætlun BS. um félags- og skólaþjónustu A-Hún lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

**5. Menningarráð Norðurlands vestra**

Menningarráð Norðurlands vestra óskar eftir framlengingu á núverandi samstarfssamning til ársloka 2010 en samningurinn rann út um síðustu áramót.

Bæjarráð samþykkir erindið.

**6. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar**

Lögð fram tillaga að þjónustugjaldskrá íþróttamiðstövarinnar á Blönduósi.

Umræður urðu um gjaldskránnu.

Gjaldskráin samþykkt.

**7. Akstur félagsþjónustu aldraðra**

Í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2010 var tekin ákvörðun um að innheimta gjald fyrir akstur í félagsþjónustu aldraðra sem nemur strætisvagnagjaldi á Höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2010 hafa fáir þjónustuþegar nýtt sér umrædda þjónustu.

Bæjarráð samþykkir að leggja aksturinn niður.

**8. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarbók

**9. Önnur mál**

**a) Þjóðaratkvæðagreiðsla 6. mars 2010**

Kjörskrá Blönduósbæjar vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010 liggur frammi á bæjarskrifstofu frá og með morgundeginum 25.febrúar 2010 til kjördags.

**b) Samningur við Golfklúbbinn Ós**

Lögð fram drög að samningi við Golfklúbbinn Ós.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:40.

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.).